

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR		
Stjórnarfundur nr. 2 2015	2	Dagsetning	11. ágúst 2015
Fundarstjóri	BK		
Ritari	ISS		
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, HÓS, ISS, SLB (BE, GSB, MH,)		
Fylgiskjöl	Úrskurður Kjararáðs um laun og starfskjör skólameistara, júlí 2015 Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna, apríl 2012		
Vistun gagna	ISS		

## Fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt án athugasemda.

### 2. Verkaskipting innan stjórnar FFR

BK er formaður, KLÁ er gjaldkeri og ISS er ritari.

### 3. Samskipti stjórnar FFR og starfskjaranefndar FFR

Í starfskjaranefnd voru kosnir Tryggvi Axelsson, Ársæll Guðmundsson og Indriði H. Þorláksson. BK hefur rætt við formann nefndarinnar um samskipti og upplýsingagjöf á milli hópa. Helstu mál eru málarekstur gegn ríkinu, en beðið er niðurstöðu í dómsmáli, launakjör forstöðumanna almennt en laun þeirra fylgja ekki breytingum viðmiðunarhópa og að starfsöryggi og önnur kjör hafa versnað.

Fram kom að Skólameistarafélag Íslands sendi erindi til Kjararáðs um endurskoðun launa félagsmanna sinna í sept. 2014 í ljósi kjarasamninga ríkisins og Kennarasambands Íslands frá apríl 2014. BK lagði fram úrskurð kjararáðs frá 6. júlí 2015 sem enn hefur ekki verið birtur á vef ráðsins, en þar kemur fram að skólameistarar raðast í launaflokka 133-137, en launin ákvarðast af stigakerfi sem hefur verið notað lengi, en ráðið leggur til endurskoðun á því.

### 4. Um skipunartíma forstöðumanna

Jón Gíslason forstjóri Matvælastofnunar Íslands kom á fundinn og sagði frá endurráðningu sinni, en starf forstöðumanns Matvælastofnunar var auglýst laust til umsóknar í maí s.l. Jón gegndi starfinu í tvö fimm ára tímabil á undan, en að þessu sinni ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að auglýsa starfið. Níu manns sóttu um og eftir viðtöl, fundi og gerð framtíðarsýnar var Jón ráðinn aftur.

### 5. Samvinna FFR og fjármála- og efnahagsráðuneytisins

- Umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna. Málið var rætt á síðasta fundi (liður 5.b) og tekið var jákvætt í að félagið sækir um styrk .... ath. hver á að gera það?xx
- Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna. Tekið var undir niðurstöðu á síðasta fundi og að umbætur á vinnuumhverfi forstöðumanna verði forgangsmál stjórnarinnar. Rætt var um að taka saman upplýsingar um breytingar á vinnuumhverfinu sem orðið hafa s.l. 10 ár og bera saman kjör þingmanna, ráðherra og forstöðumanna. Samþykkt var að BK og KLÁ myndu vinna

verkefnislýsingu fyrir næsta fund og ræða við Guðrúnu Ragnarsdóttur hjá Strategíu um að vinna verkefnið.

- c) Samvinna fjármálaráðuneytis og FFR um stjórnunarupplýsingar. Frestað.
- d) Kostnaður vegna fyrirspurnar Viðskiptablaðsins um laun starfsmanna ríkisins. Frestað.

## 6. Önnur mál

BK ræddi við Ársæl Guðmundsson um vefsíðu félagsins. Hann vill skipta yfir í WordPress vefumsjónarkerfið og er að kanna kostnað við að færa efnið yfir.

## 7. Umræður, næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn miðvikudaginn 9. september kl. 12.00 -13.00 í Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24.

Fundarritari, IS.

## Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna	<b>NN</b>	xx
Verkefnislýsing vegna upplýsingaöflunar um vinnuumhverfi	<b>BK/KLÁ</b>	09. 09. 2015
Gerð tillögu vegna endurskoðunar/reksturs vefsíðu	<b>BK/ÁG</b>	09. 09. 2015
Ljúka umræðu um liði 5 c) og d) á næsta stjórnarfundum	<b>BK</b>	09. 09. 2015